



Leigu – og umgengisreglur

1. Óski aðilar eftir að leigja geymslureit á geymslusvæðinu í Grænalaut skal fylla út þar til gert umsóknareyðublað. Umsóknin verður síðan verður tekin fyrir á fundi skipulags og umhverfisráðs.
2. Eftir úthlutun geymslureits á geymslusvæði skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka ber að halda sig innan þess reits sem úthlutaður er, annað verður fjarlæggt á kostnað leigutaka. Í leigusamningnum kemur fram stærð og númer leigureits.
3. Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni, eða efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá hlutum að ekki stafi slys af eða fohætta af þeim. Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Leigutaki ber alla ábyrgð á þeim skemmdum sem hlutir á vegum hans valda. Svæðið er ekki vaktað.
4. Leigutaki skal gæta að því að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðum þeirra og óheimilt er að hreyfa við hlutum sem aðrir eiga á svæðinu. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæðisins við brottför.
5. Leigutaka er skylt að ganga almennt vel og snyrtilega um svæðið innan þess sem utan.
6. Rekstarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra eða staðgengill hans hefur umsjón með staðnum. Opnunartími er samkv. samkomulagi. Móttaka hluta skal ávallt vera í samráði við rekstarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs eða staðgengil hans. Leigutaki getur óskað eftir að fá lykil til umráða af svæðinu.
7. Leigugjald er innheimt á tveggja mánaða fresti samkv. gildandi gjaldskrá.
8. Hafi hlutir ekki verið fjarlægðir innan 2ja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall orðið, áskilur leigusali sér allan rétt til að farga viðkomandi hlut á kostnað leigutaka og/eða selja fyrir áföllnum kostnaði.
9. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar Húnaþings vestra. Leigutaki skal kynna sér ofangreindar leigu- og umgengisreglur og heita því að framfylgja þeim.